

„Britney fokking Spears“

Kærur Vantrúar og innihaldsgreining í hugvísindum

„[...] ljóst er að Bjarni ber enga virðingu fyrir því samhengi sem orð eru sett fram í. Það má augljóslega spyrja sig um fræðilegt gildi þess að taka saman svona lista og erfitt að sjá hvaða tilgangi hann á að þjóna öðru en að sýna Vantrúarfólk í slæmu ljósi.“ (Ásgeir Berg Matthíasson)

„Ég er orðinn þreyttur á þessum háskólakennurum sem segja það ekki koma málinu við hvað stóð á glæranni. Hótandi mönnum heilarvist í stofu 201 og eilífu falli ... og móðgast svo þegar þeir eru kallaðir hálfvitar.“ (Halldór Baldursson)

„Og Bjarni Randver er byrjaður að plokka úr þessari færslu [...] (dæs).“ (Matthías Ásgeirsson)

„Það er merkilegt hvað sumu fólki finnst gaman að sulla í sóðaskapnum sem aðrir hafa skilið eftir sig“, segir Þórður Ingvarsson vantrúarfélagi í harðorðum pistli sem skrifaður er á vefsvæði hans í desember 2011 og nefnist „Drullumall“.¹ Fyrr í sömu viku hafði kærsmål Vantrúar á hendur Bjarna Randveri Sigurvinssyni guðfræðingi og trúarbragðafræðingi vakið landsathygli eftir ítarlega grein blaðamannsins Barkar Gunnarssonar í *Morgunblaðinu*² en Bjarna hafði í kjölfarið verið boðið í viðtal í fréttaskýringaþættinum Kastljósi þar sem hann skýrði í fyrsta sinn sjálfur opinberlega frá helstu málavöxtum. Þórður, sem var um langt skeið ritstjóri vefrits Vantrúar og sat á þessum tíma í stjórn félagsins, taldi áhuga Bjarna á félaginu og félagsmönnum óheilbrigðan. Sérstaklega finnur hann að því háttalagi Bjarna að safna saman misfögnum ummælum eftir sig og birta á orðalístum. Þórður telur slíkan áhuga pervertískan og líkir honum við þá árattu fólks að þefa og sleikja „af puttunum á sér þegar það er búið að skeina sér“. Þórður er jafnframt viss um að Bjarni „lúsles þetta og tínir út öll vondu og ljótu orðin, skellir því word-skjal, [svø] prentar þau út og stingur í möppu“. Þrátt fyrir það telur Þórður að Bjarni hafi í raun ekki „alvöru áhuga á því sem“ hann hafi „að segja“, hann hafi bara „sjúklegan áhuga á dónalegum orðum og orðasamsetningum“ sem Þórður skilji eftir sig, þeim skelli hann „í sinn óþverraorðalista“, prenti út og dreifi „til fjölda aðila“. Niðurstaða Þórðar er sú að Bjarni sé „mykjudreifari af verstu mögulegu sort. Mykjudreifari sem reynir að fela sig bakvið einhvern faux pas fræðimannastimpill. [svø]“

Í þessari grein minni og annarri sem skrifuð var samhliða og kemur í *Ritinu* nú í haust leitast ég við að svara nokkrum meginatriðum í gagnrýni vantrúarfélaga á kennsluhætti Bjarna Randvers.³ Þar á meðal bregst ég við tveimur ítarlegum athugasemdum sem Ásgeir

¹ Þórður Ingvarsson, „Drullumall“, *ÆBLOGDODD*, 8. desember 2011, skoðað 14. maí 2014 af <http://wayback.vefsafn.is/wayback/20130730191349/http://blogdodd.maurildi.com/>. Bloggvefur Þórðar hét á þeim tíma sem hann skrifaði færsluna *Blog Dodd: Vefbók Anarkóbóbedónistans*.

² Börkur Gunnarsson, „Heilagt stríð Vantrúar“, *Morgunblaðið* 4. desember 2011, bls. 18–21.

³ Greinin sem birtist í *Ritinu* ber nafnið „Fúsk, fáfræði, fordómar? Vantrú, Háskóli Íslands og akademísk ábyrgð“, *Ritið* 3/2014. Þar beini ég augum að þeirri átakgreiningu sem einkennir Nýtrúarhreyfinganámskeið Bjarna Randvers. Að sama skapi varpa ég ljósi á hvaða ástæður ollu því að vantrúarfélagar lásu rangt í samhengi glæranna

Berg Matthíasson heimspekingur og vantrúarfélagi birti á netinu og beindi til mín en hann taldi mig hafa skautað fram hjá ýmsum staðreyndum í máli Bjarna í grein minni „Í heimi getgátunnar: Kærur Vantrúar, glæra 33 og Egill Helgason“ sem birtist í *Tímariti Máls og menningar* fyrir tveimur árum.⁴ Ég svaraði Ásgeiri stuttlega á netinu og samþykkti svo þegar hann fór fram á frekari skýringar að verða við beiðni hans.⁵ Þessar greinar mínar ber að skilja sem viðleitni til að útskýra trúarlífsfræðilegar forsendur námskeiðsins.⁶ Ætlunin er að sýna fram á hvernig listar þeir sem Bjarni Randver birtir í greiningu sinni á trúar- umræðunni búi yfir fræðilegu gildi þvert á það sem Ásgeir Berg og ýmsir vantrúarfélagar fullyrða, þeir lýsi þeim samskiptavanda sem Bjarni vildi draga fram í námskeiði sínu. Listarnir varpa ljósi á umræðuþól sem hættulegt væri að hleypa inn í akademískt samfélag. Mál Bjarna var öðrum þræði prófsteinn á akademískt frelsi á Íslandi, ekki vegna þess að hann reyndi nokkurs staðar á mörk hins viðurkennda heldur miklu fremur vegna þess að ef Bjarni yrði áminntur fyrir glærur sínar og þær forsendur gerðar að almennri reglu, mætti einfaldlega leggja niður kennslu í hug- og félagsvísindum í landinu.

Fúkyrði og fræðilegt gildi lista

Tæpum tveimur árum áður en Þórður Ingvarsson skrifaði pistilinn „Drullumall“ hafði Bjarni Randver verið kærður af félaginu Vantrú til siðanefndar Háskóla Íslands fyrir námskeiðið Nýtrúarhreyfingar (kæra til siðanefndar nr. 1/2010), en vantrúarfélagar höfðu fengið glærur Bjarna um trúleysi og trúleysishreyfingar (nefndar „Frjálslynda fjölskyldan i–iv“) afhentar af nemanda sem skráður var í námskeiðið.⁷ Vantrúarfélagar þóttust geta séð að á sig væri hallað í allri framsetningu þrátt fyrir að nemandinn, Eggert Sólberg Jónsson, lýsti kennslu Bjarna þannig strax eftir tímann að Bjarni hefði sagt vantrúarfélaga „ómálefnaleg[a] á köflum en stundum mikið til í því sem [þeir segja]“.⁸ Meðferð málsins

og rek aðkomu siðanefndar HÍ að málinu en í lokahluta greinarinnar leitast ég við að skýra sjálfa málsvörnina, hvers vegna mikilvægt var fyrir háskólasamfélagið að gera athugasemdir við kærumsmedferðina.

⁴ Guðni Elísson, „Í heimi getgátunnar: Kærur Vantrúar, glæra 33 og Egill Helgason“, *TMM* 4/2012, bls. 4–26.

⁵ Þótt gagnrýni Ásgeirs Bergs Matthíassonar hafi verið sett fram á *Facebook* síðu Guðrúnar Elsu Bragadóttur bókmenntafræðings 3.–5. september 2013 er fyrri færsla hans um 700 orð að lengd en sú síðari yfir 2500 orð. Skoðað 6. september 2013 af <https://www.facebook.com/gudrunelsa>. Öll þau ummæli þar sem vitnað er í Ásgeir er að finna í þessum tveimur færslum og verður því ekki vísað til heimildarinnar aftur. Í svari mínu til Ásgeirs skuldbatt ég mig til þess að skrifa grein og svo smærri pistla en ég sá fljótt að efnið kallaði á tvær greinar. Ég segi: „Þú kallar á ítarlegt svar þar sem ég fari nákvæmar yfir þetta mál. Ég skal verða við þeirri beiðni þinni og vinna ítarlega grein þar sem ég fer nákvæmar í saumana á ýmsum af þeim þáttum sem þú kallar eftir frekari skýringu á — ég skal tala um aðkomu siðanefndar og Vantrúar að málinu, hugmyndir félagsins um kennsluhætti Bjarna og tilgang hans með kennslunni, forsendur þær sem hann gaf sér þegar hann ákvað að kenna námskeiðið, o.s.frv. Þið megið eiga von á þeirri grein næsta vor. [...] Margt annað sem ekki verður hægt að ræða án þess að rjúfa samhengi greinarinnar skal ég reyna að taka fyrir í pistlum, t.d. á Hugrás.“

⁶ Bækurnar sem Bjarni Randver lét nemendur námskeiðsins lesa kafla úr og studdist við sem ítarefni draga þessa félagsfræðilegu áherslu skýrt fram. Hér má nefna Meredith B. McGuire, *Religion: The Social Context*, Belmont: Wadsworth Publishing Company, 1992; Inger Furseth og Pál Repstad, *An Introduction to the Sociology of Religion: Classical and Contemporary Perspectives*, Farnham: Ashgate, 2006; Seth D. Kunin, *Religion: The Modern Theories*, Edinburgh: Edinburgh University Press, 2003; John A. Saliba, *Perspectives on New Religious Movements*, London: Geoffrey Chapman, 1995.

⁷ „Annál“ um helstu viðburði kærums málsins má finna í grein minni „Fúsk, fáfræði, fordómar?“ sem birtist í *Ritinu* nú í haust.

⁸ Óli Gneisti Sóleyjarson, „Söguskoðun Bjarna Randvers“ (framvegis „SBR“), *Vantrú*, kl. 17.28, 30. september 2009. Umræðuþráðinn „SBR“ er hægt að nálgast á netinu. Sjá t.d. Wiki Vantrúardóttir, „Leynisþjallþráður Vantrúar í siðanefndarmálinu í Háskóla Íslands“, 27. janúar 2013. Tengillinn á þráðinn er: <http://vantru.freeblog.biz/files/2013/01/innri-vefur-vantruar.pdf> [síðast skoðað 29. október 2014].

hjá siðanefndinni á vormánuðum 2010 var með þeim hætti að samstarfsmenn Bjarna í háskólasamfélaginu stigu inn og andmæltu. Málalyktir urðu að lokum þær að Vantrú dró kærú sína til baka 28. apríl 2011 aðeins til þess að leggja hana fram aftur sumarið 2012 (kæra 3/2012). Bjarni var að lokum sýknaður af öllum ásökunum í málinu í október 2012 þegar ný siðanefnd úrskurðaði, eftir að hafa farið vandlega yfir málið efnislega, að engin ástæða væri til þess að taka kærúna til meðferðar þar sem ljóst væri að Bjarni hefði á engan hátt brotið siðareglur skólans.⁹

Bjarni brást á sínum tíma við fyrri siðanefndarkærúni með greinargerðinni „Svar við kærú Vantrúar“ en hún var sett saman á vormánuðum 2010, frá febrúar fram í miðjan maí.¹⁰ Í skýrslunni, sem er mikil að vöxtum eða alls 197 síður, leitast hann við að skýra kennsluhætti sína og leiðréttir ýmiss konar misskilning sem merkja má í kærúni.¹¹ Greinargerðin skiptist í fjórtán kafla. Í upphafi dregur Bjarni saman hinar fræðilegu forsendur námskeiðsins, þar sem hann tilgreinir þau fræðirit sem liggja til grundvallar í námskeiðinu, ræðir félagsfræðilega merkingu hugtaksins trúarhreyfing og rekur skilgreiningar trúarlífsfélagsfræðinga á mismunandi birtingarmyndum hreyfinga út frá hugtökunum kirkja (e. church), kirkjudeild (e. denomination), sértrúarhópur (e. sect) og einstaklingsmiðlæg aðdáendahreyfing (e. cult).¹² Að sama skapi útskýrir Bjarni hvað felist í víðri og þröngri innhalds- og hlutverkaskilgreiningu á trúarhugtakinu en beinir síðan sjónum að róttækum aðgerðasinninum í hópi trúleysingja og þeim aðferðum sem þeir gjarnan beita. Kaflar 4 til 13 fara í að útskýra glærurnar¹³ en í lokakaflanum („Ályktanir“) varpar Bjarni fram almennum spurningum um kærúna og ábyrgð siðanefndar en hann segir að hún „snúist ekki síst um að tryggja rannsóknar- og tjáningarfrelsi fræðimanna og kennara við Háskóla Íslands að því gefnu að þeir haldi sig innan ramma siðareglna hans

⁹ Bakgrunnur málsins hefur víða verið rakinn t.d. í blaðagrein Barkar Gunnarssonar, „Heilagt stríð Vantrúar“; í grein Daggar Harðardóttur, „Ósigur Vantrúar: Kærúherferðin gegn Bjarna Randveri Sigurvinssyni stundakennara í HÍ“, *Bjarna* 2/2013, bls. 22–35; og í tæplega 90 síðna greinaflokki Hörpu Hreinsdóttur „VANTRÚ GEGN BJARNA RANDVER SIGURVINSSYNI: MÁL 1/2010 FYRIR SIDANEFND HÍ“, *Blogg Hörpu Hreinsdóttur*, 27. febrúar 2012, skoðað 28. október 2014 af <http://harpahreins.com/vantru-gegn-bjarna-randveri.pdf>. Sjá einnig grein Guðna Elíssonar, „Í heimi getgátunnar“. Öll gögn sem vitnað er til hérna eru vistuð undir eftirfarandi málnúmerum og heitum í skjalavistunarkerfi Háskólans: HI10020165, Kæra til siðanefndar nr. 1/2010; og HI12060093, Kæra til siðanefndar nr. 3/2012.

¹⁰ Vantrú lagði alls fram fimm kærur á hendur Bjarna Randveri. Þrjár í Háskóla Íslands 5. febrúar 2010. Ein var afhent á skrifstofu Kristínar Ingólfsdóttur rektors, aðra fékk Pétur Pétursson, forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar, en sú þriðja fór inn á borð Amalíu Skúladóttur, ritara siðanefndar. Fjórða kærúna, sem var lögreglukæra á hendur Bjarna Randveri, var send til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 27. maí 2011. Lögreglustjórinn felldi hana niður 26. júlí 2012 en rúmum mánuði áður, 18. júní 2012, lögðu vantrúarfélagar fram fimmtu kærúna, í þetta sinn aftur til siðanefndar HÍ en þar var um sömu kærú að ræða og dregin hafði verið til baka 28. apríl 2011. Þeirri kærú var vísað frá 4. október 2012 á þeim forsendum að hún væri tilefnislaus. Í febrúar 2010 vissi Bjarni aðeins af því að hann hefði verið kærður til deildarinnar.

¹¹ Bjarni Randver Sigurvinsson, „Svar við kærú Vantrúar. Greinargerð lögð fyrir Siðanefnd HÍ í maí 2010“. Formaður siðanefndar HÍ, prófessor Þórður Harðarson, neitaði að taka við drögum af greinargerðinni í apríl 2010, tveimur dögum áður en hann setti saman sáttatillögu þá sem fordæmi kennsluhætti Bjarna Randvers og send var í nafni nefndarinnar á kærúandann, lögfræðinga HÍ og forseta Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar en ekki á hinn kærða. Um aðkomu Þórðar að málinu má lesa í ofangreindum yfirlitsgreinum.

¹² Um fjórflokkunargreiningarkerfið má m.a. lesa hér í fræðiritunum sem Bjarni studdist við í námskeiðinu: Meredith B. McGuire, *Religion. The Social Context*, bls. 38, 133–171; Inger Furseth og Pál Repstad, *An Introduction to the Sociology of Religion*, bls. 133–138.

¹³ Bjarni Randver Sigurvinsson, „Svar við kærú Vantrúar“. Kaflarnir heita „Glæruráðirnar“, „Niels Dungal prófessor“, „Helgi Hóseasson“, „Vantrú“, „Myndbirtingar af helstu forystumönnum Vantrúar“, „Innblástur og forsendur trúverðuleika og vaxtar“, „Tilvitnanir“, „Orðræðan“, „Kertasníkir, Jesús og félagar þeirra“ og „Áhrif málflutnings Dawkins og fylgismanna hans“.

og séu tilbúnir til að hlýða á gagnrýni og ræða mótrök með málefnalegum og hlutlægum hætti“.¹⁴

Það er ekki síst 11. kafli greinargerðarinnar, „Orðræðan“, sem hefur farið fyrir brjóstið á vantrúarfélögum en í honum rekur Bjarni Randver hvernig ýmsir félagsmenn hafa í gegnum tíðina verið gagnrýndir fyrir orðaval sitt „um trúarbrögð, trúarkenningar, trúarviðhorf og trúaða einstaklinga“. Bjarni nefnir sem dæmi um þjóðþekkta Íslendinga sem hafi haldið slíku fram Davíð Þór Jónsson, Eyvind Karlsson og Þráinn Bertelsson. Eins og Bjarni bendir á hefur Jakobína Ingunn Ólafsdóttir, doktorsnemi í menntunarfræðum, við Háskóla Íslands „gengið svo langt að kalla Matthías Ásgeirsson opinberlega ofbeldisbloggara“¹⁵ en Matthías er einn af fimm stofnendum Vantrúar. Ég hef rætt í öðrum greinum mínum um þetta mál hvernig eitt af meginviðfangsefnum námskeiðs Bjarna sé greining á átakakultúr en ein leið til þess að draga fram núning og árekstra milli ólíkra hópa er að skoða hvers konar samskiptamynstur einkenni trúarumræðuna.¹⁶ Það var ekki síst í því ljósi sem Bjarni setti saman þann langa lista gífuryrða sem tekinn er frá vefjum tengdum vantrúarfélögum og finna má í orðræðukaflanum á blaðsíðum 98 til 129.¹⁷ Listinn hefur sjálfur orðið ágreiningsatriði og þykir ýmsum hann vera til marks um algjört vanhæfi Bjarna til þess að ræða um íslenskar trúleysishreyfingar. Þó er honum, rétt eins og sumum glærunum, ætlað að varpa ljósi á átakakultúrinn sem kalla má eitt meginviðfangsefni fræðasviðsins sem námskeiðið heyrir undir.¹⁸

Þórður Ingvarsson er engan veginn eini vantrúarfélaginn sem kvartað hefur yfir því að Bjarni Randver sýni skrifum sínum of mikinn áhuga en orðalistar Bjarna hafa sérstaklega farið fyrir brjóstið á forystumönnum félagsins. Matthías Ásgeirsson vísar þannig stundum í listana ef hann lætur eitthvað hressilegt frá sér fara en hér verða tvö dæmi látin nægja: „Já Bjarni Randver, þú mátt hafa þetta eftir mér. Ég er að segja að þau sé [sv] klikkuð“ og „Og Bjarni Randver er byrjaður að plokka úr þessari færslur [sv] (dæs)“.¹⁹ Að sama skapi hafa þeir talsvert rætt fræðilegan tilgang þess að birta slíka lista. Óli Gneisti Sóleyjarson, sem einnig er einn af fimm stofnendum félagsins, segir að „upptalningarkaflinn um dónaskap meðlima Vantrúar“ sé „[u]ndarlegasti hlutinn“ í svari Bjarna.²⁰ Þegar Bjarni svarar andmælum vantrúarfélaga um að þeir geti verið orðljótir með því að safna saman frekari dæmum er listanum snúið gegn honum. Sú tímafreka nákvæmnisvinna sem Bjarni

¹⁴ Bjarni Randver Sigurvinsson, „Svar við kærú Vantrúar“, bls. 141.

¹⁵ Bjarni Randver Sigurvinsson, „Svar við kærú Vantrúar“, bls. 82–83. Sjá t.d. Matthías Ásgeirsson, „Jakobína Ingunn Ólafsdóttir er marklaus rola“, *Örvitinn*, 2. september 2009, skoðað 1. október 2014 af <http://www.orvitinn.com/2009/09/02/12.30/>.

¹⁶ Sjá Guðni Elísson, „Í heimi getgátunnar“; og „Fúsk, fáfræði, fordómar?“

¹⁷ Bjarni Randver hefur aukið mjög við stóryrðalista sína en „Viðbætur við stóryrðalista vantrúarfélaga“, sem Bjarni kallar „samantekt á vinnslustigi“ er alls 104 blaðsíður með 1398 dæmum þar sem í öllum tilvikum er vísað í upprunastað með neðanmálgrein.

¹⁸ Þessi áhersla sést glöggt þegar bækur námskeiðsins eru skoðaðar, jafnt skyldulesefni sem ítarefni. Hér má nefna Stuart A. Wright, „Public Agency in Government-Religious Movement Confrontations“, *Cults, Religion and Violence*, ritstj. David G. Bromley og J. Gordon Melton, Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 102–122. Af öðrum bókum má nefna: John R. Hall, Philip D. Schuyler og Sylvaine Trinh, *Apocalypse Observed: Religious Movements and Violence in North America, Europe and Japan*, London: Routledge, 2000; Saliba, *Perspectives on New Religious Movements*; og McGuire, *Religion: The Social Context*, bls. 95–130 og 175–245.

¹⁹ Matthías Ásgeirsson, „Andaverur vonskunnar“, *Örvitinn*, 23. júní 2011, skoðað 1. október 2014 af <http://www.orvitinn.com/2011/06/23/15.00/>; og athugasemd kl. 17.14, 3. mars, „Leiðtogi og ekki leiðtogi“, *Örvitinn*, 19. febrúar 2011, af <http://www.orvitinn.com/2011/02/19/11.15/>.

²⁰ Óli Gneisti Sóleyjarson, „SBR“, kl. 22.04, 13. september 2010.

lagði í til þess að færa rök fyrir máli sínu er sögð vitnisburður um þroskaskerðingu Bjarna, merki um asperger.²¹ Matthías Ásgeirsson orðar það t.d. svo tveimur árum eftir að upprunalega kærán var lögð fram til síðanefndar: „Guðfræðinemi sagði okkur (löngu eftir að málið kom upp) að þessi tiltekni kennari sé sennilega með asperger sem gerir honum erfitt um vik að skilja blæbrigði texta, t.d. kaldhæðni. Það skýrir reyndar heilmikið í þessu máli.“²²

Ýmsir forystumenn Vantrúar höfðu áður sett fram svipaða gagnrýni á lista Bjarna. Sálfræðingurinn Reynir Harðarson var formaður félagsins þegar Bjarni var fyrst kærður 2010 og ræddi m.a. um aðgerðirnar gegn honum sem heilagt stríð og einelti. Reynir segir „eitthvað að manninum“. Bjarni sé „mikill ‚listamaður‘ (gerir ótal svona lista) og er fyrirmunað að greina aðalatriði frá aukaatriðum“.²³ Birgir Baldursson, sem er einn af fimm stofnendum Vantrúar, tekur undir greininguna og segir hana „útskýra hversu fyrirmunað honum er að skynja núansa í máli manna, hvaða merking liggur að baki orðunum“,²⁴ á meðan Guðlaugur Örn Hauksson segir: „Djísús! Ég hélt að þessi maður væri einfaldlega fáviti (nú tíma merking orðsins) en það virðist sem hann sé fáviti (eldri og um leið fordómafyllri notkun orðsins).“²⁵ Ásgeir Berg Matthíasson gagnrýndi Bjarna harðlega á svipuðum forsendum. Ásgeir heldur því fram að „köpuryrðalistinn“ sem Bjarni birti í „Svar við kærú Vantrúar“ sé „gjör samlega fáránlegur“ og að hann einn hefði átt að duga til þess að Bjarni fengi áminningu frá síðanefnd Háskóla Íslands.²⁶ Ásgeir segir það ljóst af listunum „að Bjarni ber enga virðingu fyrir því samhengi sem orð eru sett fram í. Það má augljóslega spyrja sig um fræðilegt gildi þess að taka saman svona lista og erfitt að sjá hvaða tilgangi hann á að þjóna öðru en að sýna Vantrúarfólk í slæmu ljósi.“ Í huga Ásgeirs eru listarnir vítaverðir. Hann vill láta banna notkun þeirra en sú afstaða einstaklings, sem leggur stund á framhaldsnám í hugvísindum, gerir þá óneitanlega forvitnilega.

Af hverju er Ásgeiri jafn illa við lista Bjarna og raun ber vitni? Líklega þarf ekki að leita skýringarinnar lengi. Listar eru „merkingarbærir sem slíkir“ eins og prófessor Dagný Kristjánsdóttir hefur bent á: „Þeir miðla tilfinningu af röð og reglu, skipulagi, úrvali, forgangsröðun. Það sem kemst á lista er mikilvægt — þó ekki sé fyrir annað en að hafa komist á listann og verða þar með hluti af úrvali og forgangsröðun.“²⁷ Það er kannski ekki síst þessi tilfinning fyrir mikilvægi og merkingarþunga sem fer í forystumenn félagsins en þeir upplifa lista Bjarna sem spéspegil sem borinn er upp að vitum þeirra. Þeir vilja ekki bera kennsl á sjálfa sig í orðunum sem þar birtast og bera gjarnan fyrir sig að það sem þar sé að finna sé sett fram í kaldhæðni eða að samhengið hafi glatast. Bjarni hafi skrumskælt ímynd félagsins með því að setja fram slíka lista í kennslu sinni. En þá ber jafnframt að hafa í huga að þegar Bjarni kenndi námskeið sitt var aðeins að finna stóryrðalista með

²¹ Sjá ummæli Birgis Baldurssonar, Baldvins Arnar Einarssonar og Reynis Harðarsonar um listann („SBR“ kl. 13.52, 13.56 og 13.59, 9. september 2010).

²² Matthías Ásgeirsson, „Punktur um umfjöllun“, *Örvitinn*, 24. janúar 2012, athugasemd frá kl. 12.50, 3. febrúar 2012, skoðað 10. febrúar 2012 af <http://www.orvitinn.com/2012/01/24/20.45/>.

²³ Reynir Harðarson, „SBR“, kl. 13.59, 9. september 2010.

²⁴ Birgir Baldursson, „SBR“, kl. 14.00, 9. september 2010.

²⁵ Guðlaugur Örn Hauksson, „SBR“, kl. 14.22, 9. september 2010.

²⁶ Ásgeir Berg segir í seinni færslunni: „Það er rétt að hún [greinargerðin „Svar við kærú Vantrúar“] er ekki að langmestu leyti upptalning á uppnefnum sem félagsmenn í Vantrú hafi látið falla. En það er samt stór hluti af henni, og þessi listi er gjör samlega fáránlegur. Ef Bjarni ætti ekki skilið áminningu frá síðanefnd fyrir kennslu sína, ætti listinn að duga.“ Ásgeir hafði ranglega haldið því fram í fyrri færslu sinni að „Svar við kærú Vantrúar“ væri að langmestu leyti upptalning á köpuryrðum.

²⁷ Dagný Kristjánsdóttir, „Ungfrúna góðu eða húsið ...“, *Ritid* 1/2001, bls. 41–56, hér bls. 42–43.

átján dæmum á einni glæru af þrjátíu og sjö. Þeir fóru fyrst að lengjast þegar vantrúarfélagar reyndu að grafa undan vægi þeirra í túlkun á félaginu. Því er heldur ekki að neita að listar Bjarna birta ákveðið samhengi sem auðveldar utanaðkomandi að átta sig á tjáskiptastíl sem skýtur stundum upp kollinum en af greiningu Bjarna má líka sjá að listarnir eru alls ekki aðalatriðið, því að fleira verður að skoða. Hér má aftur minna á orð Eggerts Sólbergs sem sagði strax eftir tímann umrædda að Bjarni hefði sagt vantrúarfélaga „ómálefnaleg[a] á köflum en stundum mikið til í því sem [þeir segja]“. Listunum er ætlað að draga upp augnablik þar sem vantrúarfélagar eru ómálefnalegir og þar sem þeir nota orð eða hugtök sem hugsanlega geta stuðað viðmælendur þeirra og af þeim sökum dýpkað trúarágreininginn í íslenskri samtímaumræðu. Bjarni orðaði það svo í „Svari við kæru Vantrúar“: „Eina atriðið sem ég gagnrýndi vantrúarfélaga fyrir í kennslustundinni var aftur á móti það að neikvæð orðræða þeirra um trúarbrögð, trúarkenningar, trúarviðhorf og í fjölmörgum tilfellum nafngreinda trúaða einstaklinga gæti haft neikvæð áhrif langt út fyrir raðir félagsins í íslensku samfélagi. Ég tel að ég hafi samkvæmt siðareglum Háskóla Íslands rétt til að tjá þá sannfæringu mína meðal nemenda um leið og ég sýni að ég sé tilbúinn til að meðtaka gagnrýni á hana og ræða mótrök.“²⁸

Gamlir hundar og glæsur í trúarlífsfélagsfræði

Í fljótu bragði kann það vissulega að virðast sérkennileg iðja að setja saman 396 atriða lista með jafnmörgum neðanmálsgreinum þar sem gefin eru dæmi um orðfæri hinna ýmsu vantrúarfélaga eins og Bjarni Randver gerði í „Svari við kæru Vantrúar“.²⁹ En Bjarni getur ekki leyft sér að setja fram skoðun án þess að færa rök fyrir henni og án þess að leggja fram dæmi máli sínu til stuðnings sem sýna að greining hans sé ekki byggð á fordómum. Áður en lengra er haldið er þó rétt að slá nokkra varnagla. „Köpurýrðalistinn“ svokallaði er ekki settur saman vegna þess að málflutningur vantrúarfélaga hneykslar Bjarna og honum er heldur ekki ætlað að varpa ljósi á hversu óalandi og óferjandi félagsskapurinn sé. Hann er liður í félagsfræðilegri greiningu en Bjarni hefur lagt áherslu á að skýra samskiptastíl vantrúarfélaga út frá bakgrunni hópsins, því að sem trúleysingar telji þeir sig eiga undir högg að sækja. Listinn skýrir þó einnig hvers vegna vantrúarfélagar eru svo umdeildir í íslenskri trúarumræðu, þeir geta verið harðir í horn að taka og háðskir, svo er þar einnig að finna ýmis meðvituð helgimyndabrot.³⁰ Orðunum á lista Bjarna er alltaf kippt úr sínu nánasta samhengi en þegar þeim er rætt saman á þrjátíu síðum (og síðar á yfir eitt hundrað síðum með vel á annað þúsund dæmum) birtist nýtt og forvitnilegt samskiptasamhengi eða umræðukúltúr. Bjarni lýsti þessu sjálfur svo á vormánuðum 2010: „Aðalatriðið í þessari samantekt yfir gífuryrði ýmissa vantrúarfélaga um nafngreinda einstaklinga er ekki samhengi hvers tilviks fyrir sig heldur sú staðreynd að orðfærið skuli vera með þeim hætti sem það er.“³¹

²⁸ Bjarni Randver Sigurvinsson, „Svar við kæru Vantrúar“, bls. 138.

²⁹ Bjarni Randver Sigurvinsson, „Svar við kæru Vantrúar“, bls. 98–129. Eins og áður sagði átti listinn eftir að lengjast verulega.

³⁰ Hér má minna á grein Bjarna „Brautryðjandinn Helgi Hóseasson: Áhrif mótmælenda Íslands á aðgerðasinna í þágu guðleysis“, *TMM* 4/2012, bls. 29–47.

³¹ Bjarni Randver Sigurvinsson, „Svar við kæru Vantrúar“, bls. 95.

Ásgeir Berg dregur upp háðulega mynd af stóryrðalista Bjarna í umfjöllun sinni. Á honum séu köpuryrði af ýmsum toga og setningar á borð við „Britney fokking Spears“.³² Fram komi að Sigurbirni Einarssyni biskupi Íslands hafi verið lýst sem gömlum hundi og að sonur hans Karl Sigurbjörnsson biskup hafi verið kallaður „hann Kalli“. „Hvað er að þessu, spyr ég nú bara?“ segir Ásgeir Berg um síðastnefnda dæmið en víkka mætti athugasemdina út og spyrja hins sama um öll ofangreind dæmi. Bjarni myndi líka án efa taka undir þau orð að í engum af tilvikunum þremur væri farið yfir strikið þótt hugsanlega ögri þau einhverjum lesendum.

Hvers vegna setur Bjarni þau þá á lista sinn? Skýringin er einföld. „Britney fokking Spears“ er setning sem segir okkur eitthvað um samskiptastíl og það er í raun undrunaratriði að Ásgeir Berg skuli ekki koma auga á tilganginn. Setningin er t.d. ekki líkleg til að sjást á vef Biskupsstofu eða á vef Alþingis, svo dæmi séu tekin — og erfitt væri að koma henni að í fræðilegri grein um poppmenningu 21. aldar, eða í grein um trúarlífsfélagsfræði, nema þá í formi tilvitnunar. Að sama skapi er „Kalli“ einfaldlega inni á listanum vegna þess að ekki er mikill virðingablær yfir nafngiftinni og hún gæti hugsanlega stuðað þá sem eiga í rökræðum við vantrúarfélaga. Kalli gengur líka undir ýmsum öðrum nöfnum í umræðunni þótt Ásgeir Berg kjósi að minnast ekki á það, hann er t.d. kallaður „Kalli kapteinn“ og „Kalli Sibb“. Mörg viðurnefnin og ummælin eru jafnvel enn síður til þess fallin að skapa frið í umræðunni enda er slíkt líklega ekki markmið félagsins. Karl Sigurbjörnsson biskup hefur þannig verið nefndur biskoppinn, biskupsfíflíð, bjáni, drulluhali, fáviti, fífl, fordómafullur, fullur af skít, grey, hatrammur, hræsnari, ómerkilegur einstaklingur, óvirðulegt ómenni, skíthaus, sölumaður ljótleikans, ærulaus hommahatari, örsviti, afglapi, dusilmenni, forvígismaður fáfræðinnar, hugleysingi, hvorki umburðarlyndur né kærleiksrikur, jólasveinn, kerfisþræll, kjólklaedd hindurvitna-bulla sem ekur sér í velferð á kostnað allra, óþokki, síðblindur síðapostuli, sikkópati og æðstistrumpur. Spurt er hvort Karl pedófilí barnaefni og hvort hann sé gersamlega síðlaus, hann er blindur, fulltrúi fáfræðinnar gegn skynsemi, fégráðugur og valdasjúkur einstaklingur, eins og nátttröll sem dagað hefur uppi og er ekki hugsjónamaður með samvisku. Hann er mammonsdyrkandi númer eitt, situr áfram vegna persónulegrar metorðagirndar og ástar á launaseðlum, ropar út úr sér dómsdagsþvælu, lýgur til að reyna að róa fólk, sýnir óheyrilega frekju og fávítaskep — er okkar minnsti bróðir.³³ Síðast en ekki síst er Karl „[...] einstaklega laginn við að pirra [...] trúleysingja“ og „óskaplega duglegur við að ljúga upp á trúleysingja“.³⁴ Það er kannski engin furða að vantrúarfélaginn Ásgeir Berg vilji láta banna lista Bjarna.

Í skrifum þeim sem Ásgeir Berg beindi til mín gerir hann sérstaka athugasemd við dæmið þar sem Sigurbirni Einarssyni biskup var líkt við hund. Þar sé Birgir Baldursson að koma Sigurbirni „til varnar í umræðum um réttindi samkynhneigðra“. Sigurbjörn þótti

³² Í titli þessarar greinar sem hér birtist er farið eftir stafsetningu Ásgeirs Bergs, en Þórður Ingvarsson virðir ng-regluna í þessu tilviki. Sjá Þórður Ingvarsson, „Óviðjafnanlega lýsandi titill á pistli dagsins“, *Anarkóbóbedánistinn Þórður Ingvarsson. Vefbók BlogDodd*, 20. september 2007, skoðað 28. október 2014 af http://blogdodd.bloggar.is/blogg/265676/Ovidjafnalega_lysandi_titill_a_pistli_dagsins.

³³ Hér verður ekki vísað í upprunastaði uppnefnanna með neðanmálgreinum. Það er gert í stóryrðalista þeim sem Bjarni Randver tók sjálfur saman en hann er á annað hundrað síður en aðeins hluti stóryrðanna beinist að honum sjálfum. Sjá útgefna skjalið „Viðbætur við stóryrðalista vantrúarfélaga“.

³⁴ Óli Gneisti Sóleyjarson, „Að berja biskup“, *Gneistinn*, 17. október 2004, skoðað 1. mars 2014 af <http://truflun.net/oligneisti/2004/10/17/að-berja-biskup/>; og Matthías Ásgeirsson, „Lygar biskups“, *Örvitinn*, 27. ágúst 2010, skoðað 1. mars 2014 af <http://www.orvitinn.com/2010/08/27/07.45>.

heldur forn í andstöðu sinni en Birgir hafi viljað skýra afstöðu biskups með háum aldri hans: „Gefum karlinum breik, hann er nú hátt í hundrað ára. Þegar [svø] hann óx úr grasi voru hommahatur og rasismi standard siðferðisviðhorf og varla hægt að ætlast til þess að svo gamall hundur læri að sitja í takt við þróun siðferðisviðmiða.“³⁵ Dæmið um Sigurbjörn og hundinn hefur iðulega komið upp í gagnrýni á kennsluhætti Bjarna og þykir stundum til marks um hversu fráleitur listinn sé. Birgir sagði sjálfur: „What! Ég er að bera blak af karlinum þarna. Hefur Bjarni Randver aldrei heyrt um orðtakið að kenna gömlum hundum að sitja? Lítur hann virkilega svo á að ég sé að nota þetta í niðrandi merkingu?“ Svo bætir hann við: „Ætli það geti verið að Bjarni Randver sé með asperger?“³⁶

En í greiningu á samskiptastíl stríðandi fylkinga er dæmið um Sigurbjörn biskup og hundinn ekki svo fráleitt. Það sýnir vandann við það að nota líkingar sem túlka má sem niðurlægjandi. Þvert á það sem vantrúarfélagar halda fram þykir það gjarnan lítill virðingavottur að vera borinn saman við hund og máltækið er óneitanlega háðskt þótt vissulega sé óþarfi að firrtast yfir líkingunni. Það herðir svo á broddinum í líkingu Birgis að biskupar og gamlir hundar búa gjarnan í aðskildum merkingarheimum. Hið háa (í stigskipan menningarinnar) er borið saman við hið lága. Þetta vita vantrúarfélagar eins og dæmin sýna,³⁷ en hér verður að nægja að vísa í orð Birgis Baldurssonar sjálfs sem varð á sínum tíma sármóðgaður þegar Harpa Hreinsdóttir beitti fyrir sig öðru „meinlausu“ máltæki þar sem vantrúarfélögum var líkt við hunda. Birgir sagði:

Finnst þér t.d. að skrif eins og fyrsta efnisgrein í þessari færslu þinni hér beri vott um að þú sýnir öðru fólki virðingu í ræðu og riti? Þessi efnisgrein fjallar um mig og félagá mína og mér finnst það ekki sérlega fallegt að bera upp á okkur „píslarvættisþrá“ og að hangið sé á sannfæringu „eins og hundar á roði“. Ég upplifi þetta sem stæka fyrirleitningu.³⁸

Upplifun Birgis á orðum Hörpu sýnir glögggt hvers vegna hundslíkingin átti heima á lista Bjarna Randvers og hversu vandasamt það getur verið að grípa til myndmáls af þessu tagi í umhverfi sem einkennist af jafn djúpstæðum átökum.

Annað dæmi sem Ásgeir Berg nefnir er glæra sem er næstum eins fræg og glæra 33 úr settinu um Frjálslyndu fjölskylduna en þeirri síðarnefndu gerði ég sérstök skil í greininni, „Í heimi getgátunnar“.³⁹ Í þessu tilviki var Bjarni Randver kærður fyrir að taka úr samhengi ummæli Matthíasar Ásgeirssonar sem sagði: „Ég er orðinn þreyttur á trúmönnum sem halda að þeir geti vaðið uppi í þessu samfélagi, hrópanði yfirlýsingar í allar áttir. Hótandi mönnum heljarvist og eilífðar- kvölum [svø]... og móðgast svo þegar þeir eru kallaðir hálfvitar.“ Á glæru Bjarna stendur aftur á móti: „Ég er orðinn þreyttur á trúmönnum sem ... móðgast svo þegar þeir eru kallaðir hálfvitar.“⁴⁰ Glæran hefur farið

³⁵ „Jólakveðja til Sigurbjörns Einarssonar“, *Vantrú*, 24. desember 2007. Athugasemd Birgis Baldurssonar er skrifuð kl. 6.03, 25. desember 2007, skoðað 15. maí 2014 af <http://www.vantru.is/2007/12/24/14.00/>.

³⁶ Birgir Baldursson, „SBR“, kl. 13.49 og 13.52, 9. september 2010.

³⁷ Sjá t.d. pistil Arnar Bárðar Jónssonar „Aftenging skóla og jóla? Getur umburðarlyndi staðið eitt og sér?“ *Annáll*, 13. desember 2007. Rökræður Arnar Bárðar og Hjalta Rúnars Ómarssonar um hundslíkingar í Biblíunni byrja í athugasemdakerfinu kl. 16.52, 18. desember 2007, skoðað 15. maí 2014 af <http://ornbardur.annall.is/2007-12-13/aftenging-skola-og-jola/>.

³⁸ Harpa Hreinsdóttir, „Vantrú kærir Bjarna Randver í fimmta sinn“, 1. september 2012. Athugasemd Birgis Baldurssonar má finna kl. 21.53, 3. september 2012, skoðað 15. maí 2014 af <http://harpa.blogg.is/2012-09-01/vantru-kaerir-bjarna-randver-i-fimmta-sinn/>.

³⁹ Guðni Elísson, „Í heimi getgátunnar“, hér bls. 9–15.

⁴⁰ Sjá Reynir Harðarson, Kæra Vantrúar til siðanefndar Háskóla Íslands, 4. febrúar 2010, bls. 9. Glæran var einnig tekin fyrir í opnu bréfi frá Vantrú til þeirra fjöruútu háskólakennara sem skrifuðu undir yfirlýsingu til stuðnings Bjarna Randveri á vormánuðum 2011. Sjá „Opíð bréf til 40 háskólakennara“, *Vantrú*, 12. maí 2011, skoðað 15. febrúar 2014 af <http://www.vantru.is/2011/05/12/15.05/>.

víða og er m.a. viðfangsefni í skopteikningu Halldórs Baldurssonar í *Fréttablaðinu* í desember 2011. Á mynd Halldórs hefur glæru verið varpað upp á tjald þar sem segir: „Ég er orðinn þreyttur á þessum háskólakennurum sem segja það ekki koma málinu við hvað stóð á glærunni. Hótandi mönnum heljarvist í stofu 201 og eilífu falli ... og móðgast svo þegar þeir eru kallaðir hálfvitar“.⁴¹

Ásgeir Berg leggur á eftirfarandi hátt út af niðurfellingu Bjarna: „Ef maður skoðar svo það sem hann [Matthías Ásgeirsson] sagði í alvöru, sér maður að þessir þrír punktar sem tákna að klippt hafi verið úr tilvitnuninni breyta þessu aldeilis.“ Erfitt er þó að túlka niðurfellingu Bjarna sem tilraun til þess að gera ummæli Matthíasar verri en ella. Eftir niðurfellinguna stendur atviksorðið „svo“, sem merkir hér „síðan“, að sínu leyti stakt þannig að lesandanum ætti að vera ljóst að það sem á undan fór vantar (ef úrfellingin segir þeim það ekki). Gagnrýnendur niðurfellingarinnar virðast gefa sér að mikið hvíli á að halda samhenginu til haga, líklega vegna þess að það sýni glögglega hvers vegna trúmennirnir áttu það skilið að vera kallaðir hálfvitar. Ég hef annars staðar fjallað ítarlega um þá átakagreiningu sem einkennir námskeið Bjarna Randvers Nýtrúarhreyfingar og Kirkjudeildarfræði.⁴² Í huga Bjarna eru það fyrst og fremst orðin „þreyttur“, „móðgast“ og „hálfviti“ sem skipta máli. Þau gefa til kynna samskiptamynstur sem einkennist af pírringi og óþoli á báða bóga, samræðum sem ekki eru líklegar til að skila árangri, þ.e. ef tilgangurinn á að vera að koma á sátt milli ólíkra lífsskoðunarhópa.

Síðasta dæmið, sem hér verður tekið til sérstakrar umræðu, er sú gagnrýni að Bjarni hafi á einni glæru sinni sagt Matthías Ásgeirsson „hafa kallað nafngreindan mann hlandspeking á niðrandi hátt“. Ásgeir segir það „á engan hátt rétt“ því að Matthías hafi ekki nafngreint neinn í umfjöllun sinni. Hér hafi einfaldlega verið „um að ræða þýðingu á því sem kallað er ‚urine therapy‘ á ensku“ og telur Ásgeir Berg „að Bjarni hefði frekar átt að hrósa Matthíasi fyrir frumlega nýyrðasmíð!“ Þessum orðum Ásgeirs má svara sem svo að í fyrsta lagi er orðið „hlandspekingur“ ekki bókstafleg þýðing á orðinu „urine therapy“. Hland er ekki hlutlaust hugtak, ólíkt „urine“ en hér hefði þvag verið nákvæmara orð ef tilgangurinn hefði verið sá að fanga upprunalega merkingu orðsins. Að sama skapi eru orðin spekingur eða speki ekki hentugar leiðir til þess að þýða orðin „therapist“ eða „therapy“. Betra væri að nota orðið „þvagmeðferð“ um hugtakið „urine therapy“ og „urine therapist“ væri þá sérfræðingur í slíkri meðferð. Að sama skapi er orðið speki gjarnan notað í íslensku nútímamáli í háði um lítilsiglda visku, t.d. er sagt „þetta er nú meiri spekingurinn“, eða „skárri er það nú spekin“ — en það er helst í eldri myndum orðsins sem neikvæðu merkingaraukana er ekki að finna, t.d. í orðunum guðspeki, dulspeki og heimspeki. Í nútímamáli er með þessum hætti gerður greinarmunur á stjörnufræði og stjörnuspeki sem líklega þarf ekki að útskýra fyrir þeim vantrúarfélögum sem standa kjaftæðisvaktina.⁴³ Sérfræðingur í þvagmeðferð er því augljóslega langa vegu frá hlandspekingnum og hugtak Matthíasar er því erfitt að túlka með öðrum hætti en svo að hann sé að gera réttmætt grín af gagnsemi þvagmeðferða í óhefðbundnum lækningum. Í því ljósi er erfitt að gagnrýna tilganginn með svo ónákvæmri þýðingu en það breytir því ekki að orðið á réttilega heima á átakalista Bjarna. Í öðru lagi virðast vantrúarfélagar ranglega gera ráð fyrir að Bjarni Randver sé hneykslaður yfir orðinu. Bjarni er einfaldlega að benda á að í þýðingu

⁴¹ Halldór Baldursson, „Halldór“, *Fréttablaðið*, 15. desember 2011, bls. 34.

⁴² Sjá Guðni Elísson, „Fúsk, fáfræði, fordómar? Vantrú, Háskóli Íslands og akademísk ábyrgð“.

⁴³ „Kjaftæðisvaktinni“ á vef Vantrúar er ætlað að fletta ofan af ýmiss konar gervivísindum og nýaldarspeki, skoðað 10. október 2012 af <http://www.vantru.is/kjaftaedisvaktin/>.

Matthíasar felist neikvæðir merkingaraukar sem ekki sé að finna í enska hugtakinu. Í þriðja lagi hafa van trúarfélagar ítrekað bent á að Bjarni hafi gert mistök þegar hann setti orðið „hlandspekingur“ á lista yfir hugtök sem van trúarfélagar hafi notað um nafngreinda einstaklinga, þegar það sé hér aðeins notað um starfsstétt. Þetta er eina villan sem van trúarfélagar hafa komið auga á í miklu glærusafni Bjarna en þeir hafa miklað hana svo fyrir sér að brot Bjarna jaðrar við goðgá. Nóg hefði verið að benda Bjarna á ónákvæmnina og þá hefði hún verið leiðrétt eins og sjálfsgagt þykir í allri fræðilegri umræðu. Í fjórða lagi er engin ástæða fyrir Bjarna að breyta glærinni sinni núna. Eftir að van trúarfélagar fengu glærusettið í hendur hafa þeir ítrekað notað hugtakið um Bjarna sjálfan. Hann er kallaður hlandspekingur og Reynir Harðarson sálfræðingur gengur svo langt að setja saman ævintýri um hlandspeki Bjarna. Erfitt er að sjá nokkurn annan tilgang með skrifum Reynis en að niðurlægja Bjarna opinberlega.⁴⁴ Jafnframt er sagt að hann stundi „brunnmigu“,⁴⁵ og hann er kallaður hlandhaus.⁴⁶ Þannig mætti lengi telja. Orðið er hér notað í yfirfærðri merkingu nafngreindum einstaklingi til háðungar og glæra Bjarna er því orðin rétt.

Innihaldsgreining í hug- og félagsvísindum

Ásgeir Berg Matthíasson virðist aldrei hafa séð lista notaða í greiningu innan hugvísinda, a.m.k. telur hann „fáránlega“ listann hans Bjarna Randvers áminningarsök. Þó ættu flestir sem leggja stund á túlkunarfræði að bera kennsl á tilgang hans. Listum Bjarna er ætlað að draga fram samskiptastíl sem vekur þreytu eða óþol hjá einstaklingum beggja vegna borðsins. Aðferðin ætti því engum að koma á óvart enda hefur það tíðkast um áratuga-skeið að draga fram einkenni í orðræðu með slíkum hætti í rannsóknum. Í klassísku verki sínu um innihaldsgreiningu á sviði félagsfræði og hugvísinda dregur Ole R. Holsti fram helstu aðferðir og spurningar sem greinendur verði að hafa í huga þegar tjáskiptamynstur eru skoðuð. Holsti spyr hvaða almennu ályktanir sé hægt að draga um samfélagslegar umræður á tilteknu sviði en þar leggur hann áherslu á að skoða þrjá þætti um eðli samskiptanna: a) *Með hvaða hætti eru sjálf tjáskiptin?* Þetta er spurning sem lýtur að skilaboðunum sjálfum, að merkingu þeirra og tjáskiptakerfinu sem þau tilheyra. Má greina einhverja ráðandi tilhneigingu í boðskiptunum — hvers konar skilaboðum er komið á framfæri? Með hvaða hætti er það gert og hvað einkennir tungumálið? Að hvaða hópi beinast skilaboðin (hverjir eru hinir innbyggðu móttakendur þeirra) og má greina einhvers konar samskiptamynstur? b) *Hvað er hægt að segja um undanfara eða tildrög skilaboðanna, sjálft kóðunarferlið?* Þetta er spurning sem lýtur að sendandanum. Hér er t.d. spurt um tilganginn með tjáskiptunum, um sálarlíf þeirra sem tjá sig, menningarlegan bakgrunn þeirra og hvort merkja megi einhvers konar menningarleg umskipti. c) *Hvaða ábrif hafa samskiptin?* Hvernig upplifa viðtakendur skilaboðanna þau, hvernig hafa þau verið túlkuð og á hvaða hátt er brugðist við þeim?⁴⁷

⁴⁴ Óli Gneisti Sóleyjarson, „SBR“, kl. 23:05, 26. febrúar 2010; Reynir Harðarson, „Brunnmiga og hlandspeki“, *Vantrú*, 8. febrúar 2011, skoðað 1. október 2014 af <http://www.vantru.is/2011/02/08/09.00/>.

⁴⁵ Reynir Harðarson, „Brunnmiga og hlandspeki“; Reynir Harðarson, kl. 10:36, 8. júlí 2011, athugasemd við pistil Matthíasar Ásgeirssonar „Klassísk frekja“, *Örvitinn*, 8. júlí 2011, skoðað 1. október 2014 af <http://www.orvitinn.com/2011/07/08/09.00/>.

⁴⁶ „Frelsarinn“, „SBR“, kl. 11:32, 26. febrúar 2010.

⁴⁷ Ole R. Holsti, *Content Analysis for the Social Sciences and Humanities*, Reading, Massachusetts: Addison-Wesley Publishing Company, 1969, bls. 24–41, sjá sérstaklega handhæga greiningartöflu á bls. 26.

Næsta auðvelt er að fella greiningu Bjarna Randvers inn í klassísk boðskiptalíkön af þessu tagi. Áhersluatriðin þrjú sem Holsti gaf sér eru öll til staðar í kennslu hans. Í greiningu sinni á íslenskri trúleysisorðræðu dregur hann fram ákveðin einkenni í skrifum margra vantrúarfélaga, stíllinn er oft hvass og óvæginn. En um leið minnir Bjarni á að skrifin verði að setja í samhengi, þau eigi sér oft undanfara og geti verið viðbrögð við ósanngjörnum áfellisdomum. Þessi áhersla sést glögg í glæru sem Bjarni var einnig kærður fyrir af Vantrú en þar birti hann blaðagrein Vésteins Valgarðssonar vantrúarfélaga í heild sinni en greinin heitir „Trúleysingjar eru líka fólk“. Bjarni dregur athygli lesandans að eftirtöldum orðum með því að strika undir þau: „Karl Sigurbjörnsson hefur sent okkur trúleysingjunum ófáar sneiðarnar á undanförunum árum. Til dæmis hefur hann líkt okkur við siðleysingja og sagt lífsviðhorf okkar ‚mannskemmandi og sálardeyðandi‘ og að þau ógni mannlegu samfélagi.“⁴⁸ Í kæru sinni draga vantrúarfélagar ranga ályktun af tilgangi glærunnar en skilningur þeirra er þó í samræmi við þá greiningu Bjarna að víða í trúarumræðunni megi finna einstaklinga sem finnst þeir eiga undir högg að sækja. Í þessu tilviki líta þeir svo á að Bjarni hæðist að þeim með glærunni. Vantrúarfélagar segja: „Þegar þessi glæra er birt eftir heila glæru af uppnefnum og svo aðra sem segir að slíkt sé ofbeldi er rökrétt að álykta að þessi glæra eigi að sýna að svo vogi þessir ógurlegu menn sér að kvarta undan ónotum í sinn garð.“⁴⁹ En samhengið sem býr að baki glæru Bjarna er fremur að finna í næstu setningu Vésteins sem Bjarni strikar einnig undir: „Það er holur hljómur í tali um virðingu og umburðarlyndi, þegar biskup lætur svona dembur ganga yfir þá sem aðhyllast önnur lífsviðhorf. Er ekki hægt að lyfta þessari umræðu á hærra plan?“ Gagnrýninn tilgangur glæranna í nýtrúarhreyfinganámskeiðinu er ekki síst sá að spyrja hvaða áhrif samskiptastíll af þessu tagi hafi á trúarumræðu í landinu. Vantraust ríkir og andstæðar fylkingar grafa sig niður. Bjarni sagði sjálfur um glærana í „Svari við kæru Vantrúar“: „Markmiðið var að sýna nemendum fram á að hægt væri að líta á þessa neikvæðu orðræðu vantrúarfélaga um trúarbrögð, trúarkenningar, trúarviðhorf og jafnvel nafngreinda trúaða einstaklinga sem varnarviðbrögð minnihlutahóps sem teldi að biskup Íslands, þjóðkirkjan öll og aðrir trúarhópar væru, með því að tala niðrandi um t.d. ‚trúleysi‘, að traðka á lífsviðhorfum sem viðkomandi einstaklingar skilgreindu sig út frá og væri þannig samofin sjálfsmynd þeirra.“⁵⁰

Harkaleg viðbrögð Vantrúar við greiningu Bjarna Randvers voru staðfesting á þeim samskiptavanda sem hann leitaðist við að draga fram í námskeiði sínu. Engum innan hópsins kom til hugar að hann gæti haft raunverulegan áhuga á trúleysishreyfingum, að hann gæti nálgast þetta sérstaka viðfangsefni af fræðilegum heilindum og áhuga, eða að hann hefði hugsanlega samúð með þeim trúleysingjum sem þykir halla á sig í umræðunni. Í þeim anda segir Matthías Ásgeirsson: „Við skulum hafa það alveg á hreinu að BR og guðfræðideild **líta niður á Vantrú**. Þeim finnst BR ekki hafa gert nokkuð rangt og að Vantrú eigi þessa umfjöllun skilið.“⁵¹ Litlu skiptir þótt skýringar séu lagðar fram og reynt sé að setja hluti í samhengi. Þeir sem mest hafa haft sig í frammi í kærumálinu halda því fram að Bjarni sé óhæfur til þess að meta starf þeirra vegna pólitískra skoðana sinna, vegna trúarlegrar sannfæringar eða fyrirlitningar, vegna skorts á vitsmunum eða þroska-

⁴⁸ Vésteinn Valgarðsson, „Trúleysingjar eru líka fólk“, *Fréttablaðið*, 14. desember 2007, bls. 40. Í glærusafni Bjarna Randvers frá 2009 er þetta glæra 22 í fjórða hluta „Frjálslyndu fjölskyldunnar“.

⁴⁹ Reynir Harðarson, Kæra Vantrúar til siðanefndar Háskóla Íslands, 4. febrúar 2010, bls. 12.

⁵⁰ Bjarni Randver Sigurvinnsson, „Svar við kæru Vantrúar“, bls. 90.

⁵¹ Matthías Ásgeirsson, „SBR“, kl. 20.10, 24. apríl 2010. Feitletrunin er Matthíasar.

truflunar,⁵² og áhugi hans á trúleysishreyfingunni hefur meira að segja verið settur í kynferðislegt samhengi.⁵³

Í slíkum samskiptum þrýstihóps og fræðasamfélags má greina einn helsta vanda samtíðarinnar þegar kemur að veigamiklum málefnum er varða almenning. Fulltrúar fræðasamfélagsins neyðast til að mæta óígrunduðum yfirlýsingum með löngum greinargerðum sem byggja á listum, gröfum og þunglamalegum tilvísunum í frumgögn, fræðigreinar og rannsóknir sem enginn nennir að kynna sér. Á meðan færa fulltrúar þrýstihópsins sig yfir á næstu rangfærslu og almenningur sem hvorki nennir né hefur tíma til að setja sig inn í málið verður sífellt tortryggjari í garð fræðasamfélagsins. Á þennan veg vinna þrýstihópar gjarnan almenning á sitt band og stundum því miður einnig fréttar og fræðimenn þótt þar eigi rannsóknarskyldan að vera meiri. Fjöldamörg dæmi um þetta má nefna en hér nægir að nefna hvernig hægri sinnaðar hugveitir hafa snúið sannleikanum á haus í umræðunni um loftslagsvísindi með geigvænlegum afleiðingum.⁵⁴ Þar líkt og hjá Vantrú er beitt gamalkunnri aðferðafræði sem stundum hefur verið kennd við Overton-gluggann.⁵⁵ Þá reyna hagsmunasamtök að stýra ráðandi skoðunum samfélagsins t.d. með því að leggja áherslu á róttæka jaðarhugmyndafræði, í þeim tilgangi að færa viðmiðsrammann og hafa með því áhrif á hvar mörk hins ásættanlega liggja. Hannes Hólmsteinn Gissurarson stjórnmálafræðingur hefur beitt þessari aðferð með góðum

⁵² Ég ræði hinar trúarlegu og pólitísku getgátur vantrúarfélaga ítarlega í grein minni „Fúsk, fáfræði, fordómar? Vantrú, Háskóli Íslands og akademísk ábyrgð“ og nefni dæmi um vangaveltur sem lúta að meintri þroskaskerðingu Bjarna.

⁵³ Óli Gneisti Sóleyjarson segir á „SBR“ (kl. 1.30, 14. september 2010): „Ég tók annars stikkprufu á færslunum mínum sem vitnað er í til þess að reyna að sjá út hvaða IP-tölu Bjarni væri að nota. Samkvæmt þessu þá hefur Bjarni ekki verið að opna þessar færslur þessa mánuði frá því að við kvörtuðum þar til að hann skilar inn sínu svári. Hann virðist sumsé hafa þetta á lager. Þetta er bara úr hans einkarúnsafni.“ Kynferðilegt myndmál af þessum toga má finna víðar í skrifum vantrúarfélaga, t.d. lýsir Þórður Ingvarsson vinnu Bjarna Randvers við stóryrðalistann svo: „Þó ég viti nú fullvel að þú munt ekki fyrir þitt litla, fátæklega líf láta þér detta í hug að hafa samband við mig á nokkurn annan hátt en að lúslesa bloggin mín, gügla nafnið mitt og reyna finna svotilkallaðan ‚dónisma‘ í mínum orðum og athugasemdum. Bara svo þú getur skráð niður, prentað út og númerað það sem ég hef að segja. Þetta er krúttlega krípi tilhugsun og alls ekki fjarrí sannleikanum — einsog þú veist. En veistu; það væri verulega fokking krípi ef þú værir að fróa þér yfir orðum mínum. Sú tilhugsun. Uff. Ég fengi hroll ef mér væri ekki skítfiokkingsama. Bara svona, þér að segja.“ (Þórður Ingvarsson, „Bjarni minn, í alvöru?“, 7. september 2011, skoðað 28. nóvember 2012 af <http://blogdodd.maurildi.com/2011/09/07/bjarni-i-alvoru/>). Matthías Ásgeirsson segir svo á „SBR“ (kl. 13.02, 16. apríl 2010): „BR og félagar geta haldið áfram að rúnka sér yfir Vantrú og mér án minnar hjálpar.“ Guðmundur Guðmundsson vantrúarfélagi segir í athugasemd við DV greinina „Guðfræðikennari: Egill lét blekkjast“ frá 19. desember 2013: „Réttmæt athugasemd Vantrúar við svo nefnda kennslu þessa merka fræðimanns er trúlega það áhugaverðasta sem hefur hent hann á annars viðburðasnaudri ævi. Nú fær hann daglega raðfullnægingarútrás fyrir píslarvættiskomplexinn og vinir hans í kristinfræðunum kinka íbyggjir kalli. Well played, Brandver, w ell [svø] played.“ Athugasemdin er frá kl. 10:19, 19. desember 2013, skoðað 1. mars 2014 af <http://www.dv.is/frettir/2013/12/19/gudfraedikennari-egill-let-blekkjast/>. Að lokum má nefna Birgi Baldursson sem er umhugað um að tengja áhuga Bjarna á trúarlífsfélagsfræði kynferðislegri endaparmsörvun en hann hefur oft en einu sinni kallað innihaldsgreininguna „þermissstigsskrifstofuvinnu“. Sjá t.d. athugasemd Birgis Baldurssonar (kl. 14.14, 2. nóvember 2012) við ritstjórnargreinina „Háskólaundrin“ (24. október 2012), skoðað 28. nóvember 2012 af <http://www.vantru.is/2012/10/24/12.00/>; og athugasemd Birgis við bloggfærslu Hörpu Hreinsdóttur „Vantrú kærir Bjarna Randver í fimmta sinn“ frá 9. september 2012, kl. 20.33, skoðað 28. nóvember 2012 af <http://harpa.blogg.is/2012-09-01/vantru-kaerir-bjarna-randver-i-fimmta-sinn/>.

⁵⁴ Hér nægir að nefna greinar Guðna Elíssonar, „Nú er úti veður vont: Gróðurhúsaáhrif og íslensk umræðuhefð“, *Ritið* 1/2007, bls. 5–44; „Efahyggja og afneitun: Ábyrg loftslagsumræða í fjölmiðlafári samtímans“, *Ritið* 2/2008, bls. 77–114; „Dómsdagsklukkan tifar. Upplýsing og afneitun í umræðu um loftslagsbreytingar“, *Ritið* 1/2011, bls. 91–136; og „Vekjum ekki sofandi dreka. Loftslagsmál, pólitísk umræða og olíuleit á íslenska landgrunninu“, *TMM* 4/2011, bls. 8–23.

⁵⁵ Joseph Overton (1960–2003) var einn af stjórnendum frjálshyggiuhugveitunnar Mackinac Center for Public Policy.

árangri í samfélagsumræðunni á Íslandi. Í pistli sem Stefán Ólafsson prófessor skrifaði um íslenska frjálshyggjumenn, Eimreiðarhópin og „öfgastefnu Ayn Rand“ varpar hann fram þeirri spurningu hvað hafi orðið um gamla Sjálfstæðisflokkinn sem „hafði gjarnan kristilegt siðgæði, samúð og hófsama markaðshyggju í hávegum“. Nýi Sjálfstæðisflokkurinn bjóði upp á ofurmennadýrkun og auðmennahjónkun og mörgum blöskri líka „trúleysið og harðneskjan sem Ayn Rand boðar“. Hannes Hólmsteinn svarar Stefáni Ólafssyni í athugasemdakerfinu og segir hann falla „kylliflat[an] á einu bragðinu í glímuni. Við hliðina á Ayn Rand verða Friedman og Hayek eins og hófsamir miðjumenn!“⁵⁶

Óli Gneisti Sóleyjarson gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að aðferðafræði Overton-gluggans sé ekki gerð opinber. Þegar Matthías Ásgeirsson varpar fram þeirri spurningu á spjallþræðinum „Söguskoðun Bjarna Randvers“ „hvernig standi á því að fræðimaðurinn Bjarni Randver nefni hugtakið *Overton glugginn* hvergi á nafn þegar það sé (augljóslega) lykilhugtak í starfssemi [sv] félagsins“ svarar Óli honum með eftirfarandi orðum: „Ég er alltaf á móti því að við tölum of mikið um Overton gluggann því sú taktík virkar betur þegar fólk veit ekki af henni.“⁵⁷ Þótt Bjarni hafi ekki rætt Overton-gluggann í kennslu sinni og í greinargerðinni „Svar við kæru Vantrúar“ spyr hann hvort starfsemin einkennist af trúboði á nokkrum glærum. Trúboðið, eða boðunin eins og Bjarni kallar hana á nýrri útgáfum glærusettsins, er einfaldlega aðferð þrýstihópsins til þess að færa gluggann, eða viðmiðsrammann. Óli Gneisti lýsir þannig skýrri löngun sinni til þess að snúa trúuðum einstaklingum með þessum hætti: „Ég myndi vilja gera hann að stoltum og góðum trúleysingja sem skilur að Biblían er með öllu óþörf.“⁵⁸ Að sama skapi segir Hjalti Rúnar Ómarsson í viðtali í *Stúdentablaðinu*: „[...] það eina sem meðlimir hafa sameiginlegt er trúleysið; herskáttrúleysi. [...] Ef allar tilraunir til þess að sannfæra aðra um réttmæti skoðana sinna er [sv] trúboð, þá er þetta trúboð (kanskí vantrúboð), en þá er málflutningur stjórn málaflókka líka trúboð. [...] Ég held að það sé í sjálfu sér slæmt að fólk gangi um með rangar skoðanir.“⁵⁹

Vantrúarfélagar þóttust geta greint Overton-aðferðir í kennslu Bjarna Randvers. En eru skoðanir hans mótaðar af harðlínustefnu kristins íhaldsmanns? Stundaði hann trúvörn? Var námskeiðið kennt úr anddyri prestaskólans eins og haldið hefur verið fram?⁶⁰ Þegar rýnt er í glærusettin með hliðsjón af markmiðsviðmiðunum er ekki síst forvitnilegt að sjá hvernig togstreitan milli Þjóðkirkjunnar og ólíkra trúarhreyfinga birtist ídulega í íslensku samfélagi en í sögulegu ljósi verður umburðarleysi kirkjunnar manna á tuttugustu öldinni sláandi eins og Bjarni dregur ítrekað fram. Davíð Þór Jónsson, sem var einn af nemendum

⁵⁶ Stefán Ólafsson, „Frá Eimreiðinni til öfgastefnu Ayn Rand“, 24. nóvember 2013. Athugasemd Hannesar er að finna kl. 16.00, 24. nóvember, skoðað 24. nóvember 2013 af <http://blog.pressan.is/stefano/2013/11/24/fr%C3%A0-eimreiðinni-til-ofgastefnu-ayn-rand/>. Líklega er mikilvægt að nefna í samhengi greinarinnar að ég hef meiri áhuga á svari Hannesar Hólmsteins en andstæðunni milli kristilegs siðgæðis og trúleysis sem Stefán dregur upp.

⁵⁷ Matthías Ásgeirsson, „SBR“, kl. 18.11, 14. september 2010; Óli Gneisti Sóleyjarson, „SBR“, kl. 18.38, 14. september 2010. Börkur Gunnarsson gerir Overton-glugganum góð skil í grein sinni „Heilagt stríð Vantrúar“, sjá sérstaklega bls. 20.

⁵⁸ Óli Gneisti Sóleyjarson, „Úr samhengi séra Gunnars“, *Morgunblaðið*, 24. ágúst 2006, bls. 28. Bjarni Randver vísar í þessi ummæli á glæru 15 í „Frjálslýndu fjölskyldunni iv“.

⁵⁹ Símon Hjaltason, „Herskáir trúleysingjar — berjast gegn ranghugmyndum“, *Stúdentablaðið*, desember 2007, bls. 6. Bjarni Randver vísar í þessi ummæli á glæru 14 í „Frjálslýndu fjölskyldunni iv“. Hjalti Rúnar er reyndar andvígur víðri hlutverkaskilgreiningu á hugtakinu trúboð, því hann áréttar einnig að „það sé best að láta orðið „trúboð“ einskordast við þá sem boða trú“ í þeim skilningi sem hann leggur í orðið. Ég ræði stuttlega hlutverkaskilgreiningar í grein minni „Fúsk, fáfræði, fordómar? Vantrú, Háskóli Íslands og akademísk ábyrgð“.

⁶⁰ Sjá hér Guðni Elísson, „Fúsk, fáfræði, fordómar? Vantrú, Háskóli Íslands og akademísk ábyrgð“.

námskeiðsins og skrifaði greinargerð um kennsluhættina, lýsir því svona: „Eina trúfélagið sem segja má að hann [Bjarni Randver] hafi gagnrýnt var Þjóðkirkjan, en að hans mati hafði hún í gegn um [svo] tíðina verið iðnari við að vara við ýmsum þessara hópa en nokkur ástæða var til. Fyrir þessu færði hann rök.“⁶¹ Þessi afstaða Bjarna til Þjóðkirkjunnar kom iðulega fram í fyrirlestrum hans um efnið meðan á kennslunni stóð og víða má sjá vísbendingar um hana á glærunum.

Að lokum: Óþol og akademísk leti

Í skrifum mínum um Vantrúarmálið hefur mér verið tíðrætt um óþol og djúpstæðan skort á forvitni. Þessir eiginleikar sem helstu forsprakkar Vantrúar hafa ítrekað sýnt í málinu öllu eru sérstaklega alvarlegir vegna þess að félagsmenn vilja standa sannleikans megin í öllum málum. Samt búa þeir iðulega í þeim heimi getgátunnar sem þeir svo gjarnan vilja uppræta. Þó væri rangt að kalla þá trúmenn í þeim skilningi að þeir leggi allt sitt traust á það sem þeir vita að verður eigi sannað. Í máli Bjarna Randvers er trú þeirra bundin blindri sannleiksvissu, þetta eru einstaklingar sem neita að taka mark á líklegustu skýringum og neita jafnvel að kynna sér þær. Þeir líta á skýringar á kennsluháttum og kröfu um fagleg vinnubrögð sem árásir og aðför, og þeir draga upp mynd af Bjarna sem hatrömmum andstæðingi, jafnvel þótt hann hafi í málsvörn sinni allri gætt að því að vera málefnalegur og sanngjarn. Birgir Baldursson hefur t.d. jatað að Bjarni hafi, ólíkt félagsmönnum Vantrúar, passað „sig á að segja ekkert skemmtilegt í öllu ferli málsins“.⁶² Hvers vegna hefur enginn þeirra einstaklinga sem um árabil hefur nú sótt að Bjarna af fullri hörku lagt sig eftir því að kynna sér þær fræðilegu forsendur sem lágu að baki námskeiðinu? Af hverju hefur enginn haft fyrir því að spyrja sig gagnrýnna spurninga um hugtakanotkun, samhengi, upplifun nemenda af námskeiðinu eða bara samskiptastíl þann sem Bjarni hefur tamið sér og er eins ólíkur mynd þeirri sem vantrúarfélagar drógu upp af honum og hægt er að hugsa sér?

Einföld dæmisaga um letina sem hefur einkennt málið allt eru viðbrögð Birgis Baldurssonar sem sárnaði það ákaflega þegar Bjarni Randver sagði eitt einkenni á andófi Vantrúar vera helgimyndabrotið sem mótaði starfsemi félagsins. Birgir sem tók virkan þátt í kæruférlinu öllu og beitti sér mikið í umræðunni um málið lengi á eftir var Bjarna reiður fyrir uppnefnið í heilt ár. Þó kom honum aldrei til hugar að fletta orðinu upp. Þegar hann svo fyrir tilviljun fann skilgreiningu á hugtakinu í greiningu annars fræðimanns áttaði hann sig á því að það átti fullkomlega við þá forvitnilegu andófsstefnu sem hann og félagar hans stunda. Nú skilgreinir Birgir sig sjálfur sem helgimyndabrjót: „Ég var kallaður helgimyndabrjótur í kennslu við Háskóla Íslands og fannst eins og verið að væri að líkja mér við þá sem vandalísera legsteina eða eitthvað. En þarna er hin fræðilega skýring á hugtakinu og ég get stoltur jatað að hafa verið helgimyndabrjótur í bráðum áratug.“⁶³ Afstaða Birgis til Bjarna breyttist þó ekkert við þetta. Það er erfitt að fyrirgefa manni sem maður hefur verið svo lengi reiður.⁶⁴

⁶¹ Davíð Þór Jónsson, Greinargerð um námskeiðið Nýtrúarhreyfingar, 10. maí 2011.

⁶² Sjá áðurnefnda athugasemd Birgis Baldurssonar við blogg færslu Hörpu Hreinsdóttur „Vantrú kærir Bjarna Randver í fimmta sinn“ frá 1. september 2012 (kl. 20.33, 9. september 2012).

⁶³ Birgir Baldursson, kl. 18:18, 10. október 2010, *Facebook*, skoðað 25. janúar 2011 af <https://www.facebook.com/birgir.baldursson>.

⁶⁴ Ég ræði sjálfsréttlættingarþörfina ítarlega í grein minni „Fúsk, fáfræði, fordómar? Vantrú, Háskóli Íslands og akademísk ábyrgð“, en erfitt var fyrir vantrúarfélaga að viðurkenna skýringar Bjarna þegar honum tókst loks að

Til hvers eru listar Bjarna? Með þeim er orðum raðað í nýtt samhengi til þess að sýna fram á samskiptavanda í íslenskri trúarumræðu sem vaxið hefur á undanförunum árum. Þeir eru á engan hátt undarlegir, þeir eiga ekki að vekja með lesendum furðu, eða að vekja upp áleitnar spurningar um fræðilegar forsendur kennslunnar, a.m.k. ekki eftir að skýringar hafa verið lagðar fram. Lista Bjarna er auðvelt að útskýra fyrir hverjum þeim sem hefur áhuga á kynna sér það forvitnilega rannsóknarsvið sem hann leggur stund á. Hér skiptir þó líka máli að halla sér ekki bara aftur og heimta að vera matreiddur á skýringum. Besta þekkingin er sú sem maður aflar sér sjálfur.

Í þessari grein hef ég leitast við að varpa ljósi á ýmislegt sem Ásgeir Berg Matthíasson heimspekingur og vantrúarfélagi taldi undarlegt við kennsluhætti Bjarna og Ásgeir á vissulega rétt á skýringum. En meginástæðan fyrir skrifunum er þó fremur sú sannfæring mín að mikilsvert sé að berjast af festu gegn því að umræðuóþolinu sem hér hefur verið lýst sé hleypt inn í hið akademíska samfélag. Þegar sjálfsagðir kennsluhættir verða umdeildir og þegar yfirvegaðasta og hófsamasta framsetning getur átt undir högg að sækja liggur allt undir.

Í skóla þar sem óþolið ræður ríkjum gerist fátt af viti.⁶⁵

leggja þær fram, en þeir höfðu þá um langt skeið sýnt mikla hörku í málflutningi sínum. Viðbrögð sem þessi hafa verið kortlögð af ýmsum sálfræðingum í gegnum tíðina. Hér má nefna klassískt verk Leons Festinger, *A Theory of Cognitive Dissonance*, Stanford: Stanford University Press, 1957. Sjá einnig Ruth Thibodeau og Elliot Aronson, „Taking a Closer Look: Reassessing the Role of the Self-Concept in Dissonance Theory“, *Personality and Social Psychology Bulletin* 18/1992, bls. 591–602; og Amy Mezulis, Lyn Y. Abramson, Janet S. Hyde og Benjamin L. Hankin, „Is There a Universal Positivity Bias in Attributions? A Meta-Analytic Review of Individual, Developmental, and Cultural Differences in the Self-Serving Attributional Bias“, *Psychological Bulletin* 130/2004, bls. 711–747.

⁶⁵ Höfundur þakkar ritrýnum athugasemdir þeirra.